

Akraneskaupstaður 

Skjal nr.	Mótt af.	Mótt dags.
0.2	Gso	27. DEZ. 2018
Abm.	Úrv. aðili	Málsnr. One
St. A	St. A	1805127



Akraneskaupstaður  
Steinar Adolfsson  
Stíllholti 16-18  
300 Akranes

SAMGÖNGU- OG  
SVEITARSTJÓRNARRÁÐUNEYTIÐ

Sölvhólgötu 7 101 Reykjavík  
sími: 545 8200 postur@srn.is srn.is

Reykjavík 19. desember 2018  
Tilv.: SRN18110076/4.10.1

Hjálagt er ný útgáfa að staðfestri samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar. Vegna mistaka var staðfest og send út (í gær, 18. desember) samþykkt sem ekki var búið að prófaraklesa og er beðist velvirðingar á þeim mistökum.

Ný staðfest og prófaraklesin samþykkt hefur verið send til birtingar í Stjórnartíðindum en það skal tekið fram að sú útgáfa sem birtist þar er hin endanlega útgáfa.

Fyrir hönd ráðherra

Stefanía Traustadóttir

Fylgiskj.: Ný staðfest samþykkt um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarsköp Akraneskaupstaðar.

# SAMÞYKKT

## um breytingu á samþykkt um stjórn og fundarskóp Akraneskaupstaðar nr. 696/2013.

### 1. gr.

1. mgr. 26. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn kýs fulltrúa í ráð, stjórnir og nefndir samkvæmt ákvæðum laga, reglugerða og samþykktar þessarar. Ráð (bæjarráð, skóla- og frístundaráð, velferðar- og mannréttindaráð og skipulags- og umhverfisráð) teljast fastanefndir bæjarstjórnar. Kjörtímabil fastanefnda er eitt ár sbr. 43. gr. samþykktar þessarar.

### 2. gr.

43. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn kýs í eftirfarandi ráð, stjórnir og nefndir. Bæjarstjórn formenn og varaformenn nefnda skv. B-lið:

#### A. Til eins árs:

*Á fundi í júní ár hvert:*

1. *Bæjarráð.* Þrjú bæjarfulltrúa sem aðalmenn og jafn marga til vara skv. 35. gr. sveitarstjórnarlaga. Um kjör í bæjarráð gilda ákvæði 44. Gr. samþykktar þessarar. Kjósa skal eining aðal- og varaáheyrnarfulltrúa til eins árs séu þeir til- staðar sbr. 2. mgr. 44. gr. samþykktar þessarar.
2. *Skóla- og frístundaráð.* Þrjú aðalmenn og þrjú til vara samkvæmt ákvæðum 51. gr. samþykktar þessarar, sbr. 2. mgr. 27. gr. Kjósa skal eining aðal- og varaáheyrnarfulltrúa til eins árs séu þeir til staðar, sbr. 3. mgr. 51. gr. samþykktar þessarar.
3. *Velferðar- og mannréttindaráð.* Þrjú aðalmenn og þrjú til vara samkvæmt ákvæðum 58. gr. samþykktar þessarar sbr. 2. mgr. 27. gr. Kjósa skal eining aðal- og varaáheyrnarfulltrúa til eins árs séu þeir til staðar, sbr. 3. mgr. 58. gr. samþykktar þessarar.
4. *Skipulags- og umhverfisráð.* Þrjú aðalmenn og þrjú til vara samkvæmt ákvæðum 65. gr. samþykktar þessarar sbr. 2. mgr. 27. gr. Kjósa skal eining aðal- og varaáheyrnarfulltrúa til eins árs séu þeir til staðar sbr. 3. mgr. 65. gr. samþykktar þessarar.

#### B. Til fjögurra ára:

*Á fyrsta eða öðrum fundi að afloknum sveitarstjórnarkosningum:*

1. *Menningar- og safnanefnd.* Sex aðalmenn og jafnmarga til vara. Nefndin annast verkefni samkvæmt erindisbréfi og samkvæmt skipulagsskrá Byggðasafnsins í Görðum.
2. *Barnaverndarnefnd.* Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara, samkvæmt barnaverndarlögum nr. 80/2002.
3. *Kjörstjórn.* Þrjú aðalmenn og þrjú til vara. Kjörstjórn fer með verkefni kjörstjórnar við Alþingiskosningar skv. 15. gr. laga um kosningar til Alþingis nr. 24/2000 og yfirkjörstjórnar við bæjarstjórnarkosningar skv. 14. gr. laga nr. 5/1998 um kosningar til sveitarstjórna svo og annarra kosninga skv. lögum. Kjörstjórnir fara með þau verkefni sem þeim eru falin samkvæmt ákvæðum laga um kosningar til sveitarstjórna og laga um kosningar til Alþingis.
4. *Undirkjörstjórnir.* Þrjú aðalmenn í hverja undirkjörstjórn og jafnmarga til vara.
5. *Stjórn Höfða hjúkrunar- og dvalarheimilis.* Þrjú aðalmenn og þrjú til vara. Stjórnin starfar samkvæmt skipulagsskrá.

#### C. Tilnefningar þingfulltrúa hjá samtökum sveitarfélaga og í stjórnir:

1. *Stjórn Orkuveitu Reykjavíkur.* Einn aðalmann og annan til vara samkvæmt stofnsamþykktum Orkuveitu Reykjavíkur. Aðalmaður skal vera úr hópi kjörinna aðalbæjarfulltrúa.
2. *Stjórn Faxaflóahafna.* Einn aðalmann og annan til vara ásamt einum áheyrnarfulltrúa samkvæmt stofnsamþykktum Faxaflóahafna. Aðalmaður skal vera úr hópi kjörinna aðalbæjarfulltrúa.
3. *Heilbrigðisnefnd Vesturlands.* Sveitarstjórnirnar á svæðinu kjósa sameiginlega fimm aðalmenn og jafnmarga til vara í nefndina skv. 11. gr. laga um hollustuhætti og mengunarvarnir nr. 7/1998.

4. *Sorpurðun Vesturlands*. Aðalfundur kýs árlega úr hópi hluthafa 7 menn í stjórn félagsins. Um hæfi þeirra fer að lögum.
5. *Fulltrúaráð Fjölbrautaskóla Vesturlands á Akranesi*. Fimm aðalmenn og jafnmarga til vara samkvæmt samningi sveitarfélaga á Vesturlandi um rekstur skólans, frá 3. október 2006.
6. *Fulltrúaráð Brunabótafélags Íslands*. Einn aðalmann og annan til vara skv. 9. gr. laga um Eignarhaldsfélagið Brunabótafélag Íslands nr. 68/1994.
7. *Samtök sveitarfélaga á Vesturlandi*. Fimm fulltrúar og jafnmargir til vara á aðalfund Samtaka sveitarfélaga á Vesturlandi samkvæmt lögum samtakanna.
8. *Landsþing Sambands íslenskra sveitarfélaga*. Fjóra þingfulltrúa og jafnmarga til vara skv. 7. gr. laga Sambands íslenskra sveitarfélaga.
9. *Almannavarnanefnd*. Einn fulltrúa í sameiginlega almannavarnanefnd í umdæmi lögreglunnar á Vesturlandi sbr. samkomulag sveitarfélaganna Akraneskaupstaðar, Hvalfjarðarsveitar, Skorradalshrepps, Borgarbyggðar, Dalabyggðar, Eyja- og Miklaholtshrepps, Snæfellsbæjar, Grundarfjarðarbæjar, Helgafellssveitar og Stykkishólmsbæjar frá 23. maí 2018, staðfest af dómsmálaráðherra.
10. *Samstarfsnefnd lögreglu og sveitarfélaga*, skv. viljayfirlýsingu Ríkislögreglustjóra og Sambands íslenskra sveitarfélaga frá 30. apríl 2004.
11. *Öldungaráðs Akraness*. Þrjú aðalmenn og einn til vara skv. 3. gr. samþykktar bæjarstjórnar um öldungaráð Akraness frá 22. maí 2018 og 2. mgr. 38. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991, sbr. og 19. gr. laga nr. 37/2018. Bæjarstjórn tilnefni formann öldungaráðs úr hópi aðalmanna.
12. *Samráðshóp um málefni fatlaðra*. Þrjú fulltrúa skv. 42. gr. laga um félagsþjónustu sveitarfélaga nr. 40/1991.
13. *Þróunarfélag Grundartanga ehf.* Einn aðalmann í stjórn og einn til vara skv. samþykktum félagsins frá 7. júlí 2016,

**D Aðrar nefndir sem stofnaðar verða.**

**E. Verkefnabundnar nefndir:**

Bæjarstjórn og bæjarráð geta skipað nefndir til að vinna að afmörkuðum verkefnum. Umboð slíkra nefnda fellur sjálfkrafa niður við lok kjörtímabils bæjarstjórnar eða fyrr ef verki nefndarinnar er lokið. Bæjarstjórn getur afturkallað umboð slíkrar nefndar hvenær sem er.

Þegar bæjarstjórn Akraneskaupstaðar tilnefni fleiri en einn fulltrúa í samstarfsnefndir skal að öllu jöfnu tilnefna a.m.k. einn fulltrúa úr minnihluta.

3. gr.

49. gr. samþykkrarinnar verður svohljóðandi:

Eftirtaldar nefndir og stjórnir sem kjörnar eru af bæjarstjórn heyra undir stjórnarsýslu bæjarráðs:

Menningar- og safnanefnd.

Stjórn Höfða, hjúkrunar- og dvalarheimilis.

Almannavarnanefnd.

Kjörstjórn við Alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.

Undirkjörstjórnir við Alþingis- og sveitarstjórnarkosningar.

4. gr.

Eftirfarandi breyting verður á 1 málslíð 56. gr. samþykktarinnar:

Í stað skammstöfunarinnar „FSV“ kemur: Fjölbreautarskóla Vesturlands.

5. gr.

63. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Eftirtaldir nefndir og stjórnir sem kjörnar eru af bæjarstjórn heyra undir stjórnarsýslu velferðar- og mannréttindaráðs:

Barnaverndarnefnd.

Öldungaráð.

Samráðshópur um málefni fatlaðra.

6. gr.

73. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjóri undirbýr fundi bæjarráðs og bæjarstjórnar, semur dagskrár og boðar til funda. Hann á sæti á fundum bæjarstjórnar og bæjarráðs og hefur þar málsfrelsi og tillögurétt en eigi atkvæðisrétt, nema hann sé kjörinn fulltrúi í bæjarráð og bæjarstjórn. Hann hefur og rétt til setu á fundum ráða, stjórna og nefnda bæjarfélagsins með sömu réttindum.

Bæjarstjórinn hefur á hendi framkvæmd ákvarðana bæjarstjórnar og málefna bæjarfélagsins að svo miklu leyti sem bæjarstjórnin ákveður ekki annað.

Hann skal sjá um að stjórnarsýsla sveitarfélagsins samræmist lögum, samþykktum og viðeigandi fyrirmælum yfirmanna.

Bæjarstjóri fer m.a. með framkvæmdastjórn bæjarskrifstofu og sérverkefna.

Hann undirritar skjöl varðandi kaup og sölu fasteigna bæjarfélagsins, lántökur og aðrar skuldbindingar eða ráðstafanir sem samþykki bæjarstjórnarinnar þarf til.

Bæjarstjórinn er prókúruhafi bæjarsjóðs. Bæjarstjóra er heimilt með samþykki bæjarráðs að veita öðrum starfsmönnum bæjarins prókúru. Prókúruhafar skulu vera fjár síns ráðandi.

Bæjarstjórinn er æðsti yfirmaður starfsliðs bæjarfélagsins og ræður forstöðumenn stofnana Akraneskaupstaðar að höfðu samráði við sviðsstjóra viðkomandi fagsviðs.

Sviðsstjóri stjórnarsýslu- og fjármálasviðs er staðgengill bæjarstjóra nema bæjarstjórn ákveði annað.

7. gr.

74. gr. samþykktarinnar verður svohljóðandi:

Bæjarstjórn ræður sviðsstjórna og stjórnendur fyrirtækja hjá bæjarfélaginu að fenginni umsögn fagráðs og veitir þeim lausn frá störfum.

Sviðsstjórar og stjórnendur fyrirtækja skulu ráðnir til fimm ára í senn og heimil skal endurráðning án auglýsingar. Tilkynna skal eigi síðar en sex mánuðum áður enn ráðningartíminn rennur út hvort starfið verður auglýst laus til umsóknar. Sé það ekki gert framlengist ráðningin sjálfkrafa um fimm ár nema að viðkomandi óski sjálfur eftir að láta af störfum.

Sviðsstjórar og forstöðumenn stofnana, ráða aðra starfsmenn innan viðkomandi starfseiningar í samræmi við stjórnunarheimildir sínar.

Heimild bæjarráðs þarf fyrir ráðningu í öll ný stöðugildi.

8. gr.

Á eftir 87. gr. samþykktarinnar kemur ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi: *Ákvæði til bráðabirgða.*

- a) Tilnefning aðalmanns í stjórn Orkuveitu Reykjavíkur samkvæmt 1. tl. C-liðar 43. gr. tekur gildi árið 2019 í tengslum við skipan nýrrar stjórnar á aðalfundi félagsins.
- b) Tilnefning aðalmanns í stjórn Faxaflóahafna samkvæmt 2. tl. C-liðar 43. gr. tekur gildi árið 2019 í tengslum við skipan nýrrar stjórnar á aðalfundi félagsins.


9. gr.

*Staðfesting.*

Til þess að gera breytingu á samþykkt þessari þarf umræður á tveimur fundum í bæjarstjórn, samþykki meirihluta atkvæða og staðfestingu þess ráðuneytis sem fer með málefni sveitarfélaga.

Samþykkt þessi sem bæjarstjórn Akraneskaupstaðar hefur sett, samkvæmt ákvæðum 9. gr. sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi.

*Samgöngu- og sveitarstjórnarráðuneytið 18. desember 2018.*



F. h. r.

**Hermann Sæmundsson.**



*Stefanía Traustadóttir.*